

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 15. október 2008 í máli nr. E-3008/2007:

Birgir Guðjónsson

(Björn L. Bergsson hrl.)

gegn

Impregilo SpA Ísland

(Þórarinn Viðar Þórarinsson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 30. september sl., er höfðað með stefnu sem birt var 23. apríl 2007.

Stefnandi er Birgir Guðjónsson, Skógarási 17, Reykjavík, en stefndi er Impregilo SpA Ísland, til heimilis að Lynghálslí 4 í Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til greiðslu vangoldinna launa að fjárhæð 1.622.702 krónur, ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 38/2001 frá 4. október 2003 til greiðsludags. Til vara er krafist vangoldinna launa að fjárhæð 846.582 krónur, ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 38/2001 frá 4. október 2003 til greiðsludags. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt framlögðu málskostnaðaryfirliti, að viðbættum virðisaukaskatti af málflutningsþóknun.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara að dómkröfur hans verði lækkaðar. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda, að mati dómsins.

Upphaflega gerði stefndi kröfu um að málinu yrði vísað frá dómi, en þeirri kröfu var hafnað með úrskurði dómsins 19. október 2007.

Málsatvik og ágreiningsefni

Stefnandi, sem er viðskiptafræðingur að mennt, var ráðinn til starfa hjá stefnda í apríl 2003 og fólst starf hans í því að annast um almenn vöruinnkaup fyrir stefnda í tengslum við byggingu Kárahnjúkastíflu. Fyrsti starfsdagur hans var 22. apríl 2003. Ekki var gerður skriflegur ráðningarsamningur milli aðila, en óumdeilt er að samið var um að laun stefnanda yrðu 300.000 krónur á mánuði. Að öðru leyti greinir aðila á um efni hins munnlega ráðningarsamnings. Í upphafi starfaði stefnandi á skrifstofu stefnda í Reykjavík, en mjög fljótlega var þess farið á leit að hann leysti starf sitt af hendi að Kárahnjúkum, og hóf hann þar störf í byrjun

maímánaðar. Ásamt innkaupum, mun stefnanda einnig hafa verið falið að bera ábyrgð á lager fyrirtækisins í maímánuði. Með bréfi til stefnda 4. október 2003 sagði stefnandi upp starfi sínu og kemur fram í uppsagnarbréfi að síðasti starfsdagur hans sé 3. október 2003.

Í stefnu segir að vinnutími stefnanda hafi reynst mun lengri en hann hafi gert ráð fyrir, og stundum allt að 18 klukkustundir á dag. Þrátt fyrir það fékk stefnandi ekki greidda yfirvinnu, og bera launaseðlar þess vitni. Samkvæmt þeim eru heildarlaun stefnanda 300.000 krónur á mánuði. Ekki verður séð að stefnandi hafi gert skriflegar athugasemdir við launakjör sín, útreikning launa eða launaseðla, né hlutast til um innheimtu vangoldinna yfirvinnugreiðslna á starfstíma sínum hjá stefnda. Hins vegar virðist óumdeilt að hann hafi fært í tal óánægju sína með launakjör sín við næstu yfirmenn sína, án þess að fyrir liggi hvers eðlis þær umkvartanir hafi verið.

Framan af starfstíma stefnanda var daglegur vinnutími hans ekki skráður hjá stefnda. Stefnandi hefur hins vegar sjálfur lagt fram mánaðarleg yfirlit um daglegan vinnutíma frá lokum apríl til og með júlí 2003, og kveður hann yfirlitin vera samtímaskráningu sína og byggjast á færslum í dagbók. Meðal gagna málsins eru einnig mánaðarleg yfirlit um daglegan vinnutíma stefnanda frá ágústbyrjun til starfsloka hans. Stafa þau yfirlit frá stefnda og verður að miða við að sá vinnutími hafi verið staðfestur af forráðamönnum stefnda.

Í ágúst mánuði 2003 fékk stefnandi í hendur uppkast að ráðningarsamningi. Uppkastið er í stöðluðu formi á ensku, útfyllt að mestu, dagsett 30. júlí 2003 en óundirritað. Starfsheiti stefnanda er þar skráð „Assistant Buyer“. Í ákvæði samningsins um vinnutíma hefur ekkert verið skráð, en það hljóðar þannig: „Working hours: Regular working hours are ... but can vary considerably, especially during the initial phase of the Kárahnjúkar project, but the average weekly hours are expected to be between Excessive contribution will be rewarded, especially.“ Í ákvæði samningsins um mánaðarlaun er gert ráð fyrir að unnt sé að fylla það út á tvo vegu, annars vegar þegar yfirvinna er innifalin í mánaðarlaunum, en hins vegar þegar gert er ráð fyrir reglulegum vinnutíma. Í fyrirbyggjandi samningsuppkasti segir svo um mánaðarlaun stefnanda: „Monthly salary, including all overtime is ISK 300.000,- or for regular hours as described above, ISK Excessive work-load, out of the ordinary, will be reimbursed especially.“ Jafnframt er tekið fram að stefndi muni annast tryggingar starfsmanna samkvæmt virkjanasamningi og að stefnandi hafi valið aðild að Verslunarmannafélagi Reykjavíkur. Stefnandi féllst ekki á þetta samningsuppkast og taldi það óásættanlegt.

Með bréfi 20. apríl 2004 krafði stefnandi stefnda um greiðslu vangoldinna launa. Upphafleg krafa hans var um greiðslu launa á uppsagnarfresti, vangoldinna launa fyrir yfirvinnu, svo og uppgjors á frítökurétti. Stefnandi höfðaði mál á hendur stefnda 14. september 2004 og lauk því máli með dómi Hæstaréttar 22. september 2005 í máli nr. 66/2005. Var stefndi sýknaður af kröfu stefnanda um laun í uppsagnarfresti en kröfum um greiðslu fyrir yfirvinnu og vegna frítökuréttar var vísað frá dómi. Frávísunin byggðist á því að innifalið í 300.000 króna mánaðarlaunum stefnanda hafi verið hóflegur fjöldi yfirvinnustunda. Gögn málsins báru hins vegar með sér að vinna stefnanda í þágu stefnda hafi verið meiri en stefnandi hafi mátt búast við og umfram hófleg mörk. Þar sem ekki væri unnt að

nýta mánaðarlaunin sem grundvöll til útreiknings launa fyrir hverja yfirvinnustund, þótti réttinum kröfur stefnanda að þessu leyti vanreifaðar og var þeim vísað frá dómi. Fram kemur í gögnum málsins að aðilar hafi í kjölfar dóms Hæstaréttar leitast við að ná samkomulagi um kröfur stefnanda miðað við tilteknar forsendur, en án árangurs. Í bréfi stefnda 20. mars 2006 kemur fram að miðað við ákveðnar forsendur um vinnutíma stefnanda hafi verið „sanngjarnt“ að bjóða stefnanda greiðslu að fjárhæð 846.582 krónur. Hins vegar er þar áréttað að í því tilviki sé tímaskrift stefnanda sjálfs lögð til grundvallar, en stefndi hafi enn ýmsan fyrirvara vegna þeirrar tímaskráningar. Í lok bréfs stefnda er þess getið að boð stefnda til stefnanda frá upphafi árs 2005, að fjárhæð 1.000.000 króna, standi enn, þó aðeins þannig að því til frádráttar komi kostnaður stefnda af fyrri málarekstri. Þá séu eftir 150.000 krónur sem stefndi lýsir sig reiðubúinn til að greiða sem lyktir þessa máls. Stefnandi hafnaði þessu boði og höfðaði mál þetta skömmu síðar.

Undir rekstri málsins óskaði stefnandi eftir því að dómkvaddur yrði matsmaður, er tæki afstöðu til eftirfarandi matsspurninga:

1. „Hver má telja að hafi verið eðlileg mánaðarlaun viðskiptafræðimenntaðs starfsmanns, sem annast um birgðainnkaup með sama hætti og matsbeiðandi gerði? Miða skal fjárhæð við apríl 2003 og að um grunnlaun sé að ræða, þ.e. án nokkurrar yfirvinnu.

a. Þess er óskað að þessari spurningu sé svarað miðað við tvennar forsendur:

i. Með hliðsjón af því hvað telja megi eðlileg mánaðarlaun þegar heildarlaun eru 300.000 kr. að meðtalinni hóflegri yfirvinnu.

ii. Hins vegar hvað teljist eðlileg mánaðarlaun án þess að gert sé ráð fyrir yfirvinnu, en þá að hámarki 300.000 kr.

2. Hvað má áætla að margar vinnustundir teljist vera hófleg yfirvinna í starfi sem þessu?

3. Hvað má áætla að margar yfirvinnustundir rúmist innan mánaðarlauna að fjárhæð 300.000 kr.?“

Til matsstarfa var dómkvaddur Friðrik Már Baldursson prófessor, og er matsgerð hans dagsett 23. apríl 2008. Svör hans við spurningum matsbeiðanda eru eftirfarandi:

Fyrri liður 1. spurningar: „Með vísan til umfjöllunar um vinnutíma hér að framan er hér reiknað með að hófleg yfirvinna í fastlaunasamningi sé 1 klst. á dag eða 21,67 klst. í mánuði hverjum. Miðað við að hver yfirvinnustund sé virt á 1,0385% af grunnlaunum þýðir þetta að heildarlaun eru 22,5% hærri en grunnlaun. Eðlileg grunnlaun í þessum skilningi eru þá kr. 244.889.“

Síðari liður 1. spurningar: „Með vísan til umfjöllunar að framan þar sem tekið er mið af launum hag- og viðskiptafræðinga og sölu-, innkaupa- og markaðsfulltrúa í VR þá eru eðlileg mánaðarlaun án þess að gert sé ráð fyrir yfirvinnu, þ.e. fyrir

37,5 klst. vinnuviku, kr. 246.462.“

Svar við 2. spurningu: „Með vísan til umfjöllunar að framan um vinnutíma þá er niðurstaða matsmanns að hófleg yfirvinna í starfi sem þessu sé 1 klst. á dag.“

Svar við 3. spurningu: „Með vísan til umfjöllunar að framan um vinnutíma og laun þá rúmast 167 vinnustundir á mánuði innan fastra mánaðarlauna að fjárhæð kr. 300.000. Er þá miðað við karlkyns viðskiptafræðing sem starfar við innkaup.“

Dómkröfur stefnanda byggjast á svari dómkvadds matsmanns við fyrri lið 1. matsspurningar og yfirlitum stefnanda og stefnda um vinnustundir, og sundurliðast þannig:

I. Ógreidd yfirvinna:

Apríl 2003	kr. 9.663
Maí 2003	kr. 316.603
Júní 2003	kr. 267.524
Júlí 2003	kr. 290.411
Ágúst 2003	kr. 257.987
September 2003	kr. 208.831
Október 2003	<u>kr. 39.416</u>
Samtals vegna yfirvinnu	kr. 1.390.435

II. Ógreiddur frítökuréttur:

Maí, 36 klst. x 1.531	kr. 55.116
Júní, 40,5 klst. x 1.531	kr. 62.005
Júlí, 32,25 klst. x 1.531	kr. 49.375
Ágúst, 30,21 klst. x 1.531	kr. 46.251
September, 12 klst. x 1.531	kr. 18.372
Október, 0,75 klst. x 1.531	<u>kr. 1.148</u>
Samtals vegna frítökuréttar	kr. 232.267

Við aðalmeðferð málsins gaf stefnandi munnlega skýrslu fyrir dóminum. Aðilar voru sammála um að ekki þætti þörf á að kalla til skýrslutöku sömu vitni og gáfu skýrslu fyrir dómi í fyrra máli sömu aðila um sama ágreiningsefni, héraðsdómsmálinu nr. E-8341/2004. Þess í stað var látið nægja að leggja fram endurrit af framburði þeirra sem þá gáfu skýrslu. Verður vísað til framburðar aðila og vitna svo sem ástæða þykir til.

Málsástæður stefnanda og lagarök

Málatilbúnaður stefnanda byggist á því að honum beri að fá greitt endurgjald fyrir þá vinnu sem hann hafi innt af hendi. Grundvallist það á meginreglum vinnuréttar um rétt til greiðslu verkkaups, sem og meginreglu samningaréttarins um skuldbindingargildi samninga. Jafnframt kveðst stefnandi byggja rétt sinn á kjarasamningi Verslunarmannafélags Reykjavíkur og Samtaka atvinnulífsins, en þar séu tiltekin lágmarksréttindi stefnanda, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980, þ.m.t. réttur hans til yfirvinnuálags, sem samið sé um að nemi 1,0385%. Hæstiréttur hafi sérstaklega tekið af skarið um að sá kjarasamningur gildi í lögskiptum aðila.

Af hálfu stefnanda er áréttað að stefndi hafi látið undir höfuð leggjast að gera skriflegan ráðningarsamning við stefnanda. Í slíkum samningi hefði verið unnt að taka af öll tvímæli um ráðningarkjör stefnanda. Þrátt fyrir eftirrekstur stefnanda hafi slíkur samningur ekki verið gerður og verði því að skýra og túlka allan vafa um einstök samningsákvæði stefnda í óhag, enda hafi það staðið honum, sem atvinnurekanda, næst að tryggja sér sönnun um inntak ráðningarsamnings aðila.

Krafa stefnanda um laun fyrir yfirvinnu er reist á munnlegum ráðningarsamningi aðila, enda hafi aldrei verið samið um annað en hóflega yfirvinnu milli aðila. Það, að stefnandi hafi í upphafi ráðningar til starfa í Reykjavík samið um heildarlaun, geti ekki firrt stefnda greiðsluskyldu til launa í yfirvinnu, enda hafi forsendur ráðningarsamnings aðila gerbreyst, bæði þegar starfsstöð stefnanda var flutt og þegar í ljós kom að vinnutími hans fór fram úr öllu því sem eðlilegt gat talist. Hafi stefnanda orðið þetta ljóst í ágúst 2003 þegar stefndi afhenti honum samningsuppkast, þar sem gert hafi verið ráð fyrir því að öll yfirvinna, í ótilgreindum mæli, ætti að vera innifalin í hinni mánaðarlegu greiðslu að fjárhæð 300.000 krónur. Í ljósi reynslu liðinna mánaða hafi stefnandi talið slíkt óásættanlegt, þar sem yfirvinnufjöldi hafi verið langt umfram það sem stefnanda gat órað fyrir. Þá áréttar stefnandi að í samningsuppkastinu hafi hvorki verið sérstök fyrirmæli um vinnutíma né ákvæði um að unnið skyldi fjórar vikur í senn og frí tekið í eina viku. Að mati stefnanda var þetta samningsuppkast fjarri öllu því sem hann taldi að um hefði samist í upphafi og leiddi í raun til uppsagnar af hans hálfu, þegar fyrir lá að stefndi ætlaði ekki að bregðast við athugasemdum hans. Að dómi stefnanda hefur Hæstiréttur fallist á að vinnuframlag hans hafi verið langt umfram það sem eðlilegt mátti telja að fælist í tilgreindum mánaðarlaunum. Vinnustundafjöldi þessi sé í raun óvefengjanlegur og staðfestur með framburði fyrrverandi samstarfsmanna hans fyrir dómi. Síðari hluta starfstímans, frá ágústmánuði 2003, hafi stefndi jafnframt yfirfarið og staðfest vinnustundafjölda

stefnanda, án athugasemda. Gögn um vinnutíma stefnanda fyrri hluta tímabilsins, frá apríl til og með júlí 2003, byggist á samtímaskráningu stefnanda á vinnustundum sínum, sem hann hafi svo fært inn í töflureikni. Í maímánuði 2003, meðan aðstæður voru hvað frumstæðastar, hafi stefnandi fært í dagbók verkefni sín og vinnustundafjölda, en er leið á verkið og tæknilegur umbúnaður varð betri, hafi hann hagnýtt sér tölvu til þessa. Jafnframt hafi hann handritað vinnustundafjöldann sér til minnis inn á dagatal fremst í dagbókinni. Þessi tímaskrift sé í ágætu samræmi við vinnustundafjölda eftir að stefndi fór að staðfesta þær formlega. Þá telur stefnandi að óumdeilt sé að mikill erill og langur vinnudagur hafi einkennt starf hans fyrstu mánuðina. Hafi stefndi haft hug á því að fylgjast með tímaskráningu starfsmanna, hljóti það að vera í hans verkahring að annast slíkt, ekki starfsmanna sjálfra. Því geti stefndi ekki unnið rétt úr hendi stefnanda á grundvelli sönnunarskorts með því að vanrækja þessa skyldu sína. Telji stefndi að tímaskráning stefnanda fyrri hluta starfstíma hans eigi ekki við rök að styðjast hljóti stefndi að bera sönnunarbyrði fyrir því.

Stefnandi byggir einnig á því að vinnuframlag hans hafi verið langt umfram það sem kalla mætti hóflegt. Ljóst sé að 300.000 króna laun fyrir viðskiptafræðing, sem jafnframt sé sérfræðingur á sviði innkaupa, séu ekki há, og því fáar yfirvinnustundir sem geti falist í slíkum föstum mánaðarlaunum. Í raun jafngildi fleiri yfirvinnutímar því að mánaðarlaunin lækki. Að halda því fram, eins og stefndi geri í svarbréfi sínu frá 20. mars 2006, að sérfræðingur eins og stefnandi hafi ráðið sig til vinnu uppi á öræfum fyrir innan við 200.000 krónur í laun, fái ekki staðist og sé bersýnilega ósanngjarnt að halda slíku fram, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936. Þá bendir stefnandi á að með því að greiða honum ekki laun fyrir vinnu utan dagvinnutíma séu lágmarksréttindi hans samkvæmt kjarasamningi skert. Ákvæði slíks ráðningarsamnings séu ógild samkvæmt 1. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, og 7. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Stefndi beri sönnunarbyrði fyrir því, telji hann að aðilar hafi samið um verri kjör en trygð séu sem lágmarksréttindi stefnanda.

Stefnanda telst til að fjöldi yfirvinnutíma á starfstíma hans frá 22. apríl til 4. október 2003 hafi alls numið 635 tímum. Með þessum vinnustundafjölda hafi réttur hans til lágmarkshvíldar iðulega verið brotinn, en vinnudagur hafi jafnan hafist kl. 7 eða 8 að morgni og ekki lokið fyrr en kl. 22 eða jafnvel síðar. Vísar stefnandi til 53. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sbr. og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2000/34/EB, um skipulag vinnutíma, en sú tilskipun teljist innleidd með ákvæðum kjarasamninga og þannig lágmarkskjör á íslenskum vinnumarkaði, sbr. auglýsingu félagsmálaráðuneytis nr. 285/1997. Ennfremur byggir stefnandi á því að með þessari miklu vinnu hafi verið farið gegn 55. gr. laga nr. 46/1980, en samkvæmt þeirri grein skal hámarksvinnutími starfsmanns á viku, að yfirvinnu meðtalinni, ekki fara fram yfir 48 klukkustundir á hverju fjögurra mánaða meðaltali. Réttur stefnanda til lágmarkshvíldar hafi þannig gróflega verið brotinn, án þess að á móti kæmi greiðsla í samræmi við kjarasamning VR og SA, sem gildi um þessi tilvik, nánar tiltekið ákvæði kafla 2.3. í kjarasamningi. Stefnandi gerir og kröfu um greiðslu orlofs á vangoldin laun og byggir þá kröfu á 4. kafla kjarasamnings, sem og lögum nr. 30/1987, um orlof. Samkvæmt því beri að reikna starfsmanni orlofslaun af heildarlaunum, að lágmarki 10,17%. Stefnanda beri því að fá greitt orlof af vangoldnum launum sem og vegna vangoldins frítökuréttar.

Um fjárhæð aðalkröfunnar kveðst stefnandi byggja á matsgerð dómkvadds matsmanns, enda hafi þeirri matsgerð ekki verið hnekkt og stefndi í engu sýnt fram á að forsendur hennar eða niðurstaða væri röng. Niðurstaða matsmannsins sé sú að hófleg yfirvinna á mánuði í tilviki stefnanda sé 21,67 klst. og mánaðarlaun því 244.889 krónur. Að fenginni þeirri niðurstöðu hafi verið reiknað út hvert rétt yfirvinnukaup sé, miðað við forsendur kjarasamnings Samtaka atvinnulífsins og Verslunarmannafélags Reykjavíkur. Þannig hafi fengist 2.543 krónur sem tímakaup í yfirvinnu. Sú fjárhæð hafi síðan verið margfölduð með yfirvinnustundafjölda, að frádreginni skilgreindri hóflegri yfirvinnu. Samkvæmt því nemi dómkrafa vegna yfirvinnu 1.390.435 krónum og krafa vegna frítökuréttar 232.267 krónum. Samanlagt myndi þessar fjárhæðir stefnukröfuna, 1.622.702 krónur.

Varakrafa stefnanda byggist á því að í ljósi dómsniðurstöðu Hæstaréttar sé að lágmarki unnt að miða við forsendur sem unnið sé út frá í bréfaskiptum aðila frá 10. janúar 2006 og 20. mars sama ár. Í svarbréfi stefnda frá 20. mars 2006 komi fram að sanngjarnt sé að greiða stefnanda 846.582 krónur miðað við þar tilgreinar forsendur. Hins vegar mótmælir stefnandi því að stefndi hafi heimild til að draga frá þeirri fjárhæð þann kostnað sem stefndi telur sig hafa orðið fyrir af fyrri málarekstri, enda liggi fyrir með dómi Hæstaréttar í því máli að hvorugur málsaðila eigi kröfu á hendur hinum um greiðslu málskostnaðar.

Um lagarök til stuðnings kröfum sínum vísar stefnandi til meginreglna vinnuréttar um greiðslu verkkaups og meginreglna samningaréttar um skyldu til efnda samninga, auk laga nr. 7/1936 og laga nr. 30/1987, um orlof. Þá styður stefnandi kröfu sína við lög nr. 55/1980, lög nr. 19/1979, lög nr. 80/1938 og lög nr. 88/1971, um 40 stunda vinnuviku. Kröfu um frítökurétt byggir stefnandi á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980, með síðari breytingum. Kröfur um vexti og vaxtavexti styðjast við III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001. Krafa um málskostnað styðst við 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun styðst við lög nr. 50/1988.

Málsástæður stefnda og lagarök

Sýknukrafa stefnda er á því reist að staðfest sé með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 66/2005 að komist hafi á bindandi samningur með honum og stefnanda um heildarendurgjald fyrir vinnu stefnanda. Um leið mótmælir stefndi þeirri fullyrðingu stefnanda að stefnandi hafi verið ráðinn samkvæmt almennum ákvæðum kjarasamnings Verslunarmannafélags Reykjavíkur og Samtaka atvinnulífsins, nema að því er varðar önnur ákvæði en á sé tekið í ráðningarsamningum, þ.e. að heildarlaun skyldu vera 300 þúsund krónur á mánuði fyrir ótilgreinda vinnu, en með rétti til launa í fimmtu hverju viku, án skerðingar á mánaðarlaunum. Jafnframt er því mótmælt að stefnandi hafi verið ráðinn til að starfa í Reykjavík, enda hafi legið fyrir frá upphafi að starfsstöð hans yrði við Kárahnjúka. Fullyrðingum um eðlisbreytingu á störfum vegna ófyrirséðs flutnings starfsstöðvar er því mótmælt sem röngum. Enn fremur er því mótmælt að vafi hafi leikið á hver hafi verið ráðningarkjör stefnanda. Bendir stefndi á að stefnandi hafi mánuðum saman tekið við launauppgjöri, þar sem fram hafi komið að yfirvinna var ekki greidd, án nokkurra athugasemda eða fyrirvara, og án þess að gera reka að því

að innheimta kröfur um yfirvinnugreiðslur. Telur stefndi þetta staðfestingu þess að stefnandi hafi ekki talið sig eiga slíkar kröfur meðan hann starfaði hjá stefnda. Hitt sé leitt í ljós, m.a. með vitnisburði fyrir héraðsdómi, að stefnandi hafi verið ósáttur við það hversu mikið hann taldi sig vinna við Kárahnjúka. Þrátt fyrir að hann hafi lýst óánægju sinni við ýmsa, hafi stefnandi þó ekki farið fram á launauppbót vegna meiri vinnu en hann hafði vænst, eins og ráðningarsamningur hans hafi þó gefið tilefni til. Því síður hafi hann formlega farið fram á endurskoðun á launakjörum sínum, né þegið boð um viðræður við hlutaðeigandi yfirmann um það efni. Í ljósi þessa mótmælir stefndi fullyrðingum um að stefndi hafi hafnað endurskoðun á ráðningarsamningi stefnanda.

Stefndi byggir einnig á því að ráðningarsamningur frá 30. júlí 2003 feli í sér skýra staðfestingu á því hvert stefndi taldi efni munnlegs samnings hans og stefnanda. Hafi stefnandi hins vegar talið að stefndi virti ekki umsamin ráðningarkjör þeirra í milli, hafi honum borið að gera formlegar athugasemdir við það um leið og hann fékk til þess tilefni, þ.e. við móttöku launauppgjors 1. júní og síðan 1. júlí. Þá strax hafi honum borið að gera athugasemdir við það að yfirvinna var ekki sérgreidd, hafi hann talið sig eiga kröfu á slíkum greiðslum, og leggja þá fram yfirlit um þá tíma sem hann taldi sig hafa unnið án greiðslu. Loks hafi honum borið að gera um þetta formlega athugasemd þegar hann fékk í hendur staðfestingu á ráðningarkjörum sínum, ef hann hefði talið texta samningsins efnislega rangan. Telur stefndi að aðgerðaleysi stefnanda sé skýr vísbending um að hann hafi verið mjög meðvitaður um að ekki greiddist sérstaklega fyrir einstakar vinnustundir, umfram einhver tiltekin mörk, og að tilgreind mánaðarlaun væru heildarendurgjald, nema um annað semdist. Að stefnandi hafi látið undir höfuð leggjast að undirrita ráðningarsamninginn, geri þau ráðningarkjör sem þar voru staðfest, hvorki ógild né marklaus.

Stefndi bendir á að í ráðningarsamningi hans og stefnanda segi að uppbætur greiðist fyrir óvenjulega mikið vinnuálag, og vísar stefndi þar til orðalags samningsins „Excessive contribution will be rewarded, especially“. Eðli málsins samkvæmt sé framkvæmdin háð því að stefnandi kalli eftir slíkri viðbótargreiðslu og rökstyðji fyrir hlutaðeigandi yfirmanni ósk þar um. Það hafi stefnandi aldrei gert og hafi stefndi því mátt álykta að ásætlanlegt samræmi hafi verið milli umsaminna heildarlauna og vinnutíma stefnanda. Með eigin aðgerðaleysi hafi stefnandi því fyrirgert rétti til að koma að kröfum um viðbótarlaun samkvæmt umræddum samningi. Þá tekur stefndi fram að stefnandi hafi að eigin ósk látið af störfum 3. október 2003. Stefnandi hafi þá ekki ýjað að því að uppsögn hans tengdist því að hann teldi sig eiga ógreidd laun hjá stefnda. Þaðan af síður hafi hann lagt fram það yfirlit um ógreiddar vinnustundir sem hann segist hafa fært jafnharðan á starfstíma sínum. Brýnt tilefni hafi þó verið til þess, þar sem fyrir lá að gera þurfti fullnaðaruppgjör vegna starfa hans síðustu mánuði, svo og fyrir ótekna frídaga. Með því uppgjöri hafi stefndi greitt honum sem svarar 36,92% af fullum mánaðarlaunum fyrir október 2003, auk orlofs. Stefnandi hafi tekið við þeirri greiðslu, og enn án athugasemda. Sex mánuðum síðar hafi stefnandi hins vegar kynnt stefnda kröfur sínar, m.a. um yfirvinnu, hvíldartíma og laun í uppsagnarfresti. Hafi stefndi talið kröfugerðina með öllu skorta lagastoð, enda hafi síðbúinn skilningur stefnanda á því að heildarlaun hans hafi í reynd aðeins verið fyrir dagvinnu, verið í fullkominni andstöðu við samning aðila, eins og hann hafi verið gerður og framkvæmdur. Engu að síður hafi stefndi um haustið 2004 boðist til að greiða stefnanda 700.000 krónur sem heildargreiðslu til að ljúka málinu, án

nokkurrar viðurkenningar á greiðsluskyldu. Þetta boð hafi stefndi hækkað í 1.000.000 króna í lok árs 2004, en stefnandi einnig hafnað því og þess í stað efnt til málaferla á hendur stefnda. Niðurstaða þess máls hafi orðið sú að stefndi var sýknaður af kröfum um greiðslur á uppsagnarfresti og fallist var á að yfirvinna hafi verið innifalin í umsömdum mánaðarlaunum stefnanda. Því hafi stefndi talið að málsókn stefnanda hafi verið tilefnislaus og því rétt af honum að draga þann kostnað sem hlaust af málarekstrinum frá þeirri greiðslu sem stefndi bauð fram. Stefndi hafi því boðist til að ljúka deilum við stefnanda með greiðslu 185.000 króna.

Stefndi mótmælir því að matsgerð dómkvadds matsmanns hafi nokkurt sönnunargildi í máli þessu, enda séu forsendur fyrir niðurstöðum hennar rangar. Í matsgerðinni sé fjallað um hvað teljist eðlilegur vinnutími stefnanda. Hins vegar svari matsgerðin því ekki hvaða vinnutíma stefnandi mátti vænta að væri innifalinn í föstum umsömdum launum hans við verkframkvæmdir við Kárahnjúka. Af fyrrgreindum dómi Hæstaréttar megi draga þá ályktun að stefnanda hafi mátt vera ljóst að í ráðningarkjörum hans var gert ráð fyrir hóflegri yfirvinnu. Við mat á því verði að líta til tiltækra opinberra gagna um vinnutíma. Telur stefndi augljóst að stefnanda hljóti að hafa verið ljóst að við tímabundnar og umfangsmiklar virkjunarframkvæmdir á hálendi Íslands yrði vinnutími aldrei undir því sem ætla mætti meðalvinnutíma fullvinnandi karlmanna á hans aldri. Einu opinberu gögnin þar um séu tölur Hagstofu, sem stefndi hafi lagt fram í málinu. Þar komi fram að meðalvinnutími allra karla á aldrinum 25 – 54 ára á 2. – 4. ársfjórðungi ársins 2003 hafi verið 51,96 tímar á viku. Telur stefndi þetta lágmark þess sem stefnandi hafi getað ætlað að yrði vinnutími hans við virkjunarframkvæmdirnar.

Stefndi mótmælir einnig fullyrðingu stefnanda um að stefndi hafi með einhverjum hætti viðurkennt kröfu stefnanda eða talið sanngjarnt að greiða honum 846.582 krónur. Í bréfi sínu frá 20. mars 2006 hafi stefndi aðeins verið að upplýsa stefnanda um hvernig standa bæri að útreikningi á vinnutíma hans og hvernig finna mætti dagvinnutímakaup út frá samtölu fyrir dag- og yfirvinnu, þegar fyrir lægi heildarfjöldi vinnustunda. Um leið hafi hann þó verið að sýna stefnanda hve rausnarlegt boð stefnda hafi verið, áður en efnt hafi verið til fyrri málaferla.

Stefndi kveðst mótmæla útreikningi á kröfugerð stefnanda, þar sem hann telur vinnutíma stefnanda ranglega tilgreindan. Stefndi hafi starfað hjá stefnda frá 22. apríl til 4. október 2003. Fyrir aprílmánuð hafi hann fengið greidd 32% af fullum mánaðarlaunum og fyrir októbermánuð 80,85% fullra mánaðarlauna og sé þar meðtalin greiðsla fyrir 6,6 frídaga. Stefndi hafi þannig fengið greitt fyrir sem svaraði til 6,13 mánaða eða 132,84 daga. Bendir stefndi á að vinnufélagar stefnanda, sem unnið hafi nákvæmlega hliðstæð störf, en fyrir 200.000 króna mánaðarlaun, hafi fengið yfirvinnu greidda eftir níu stunda dagvinnu.

Þá mótmælir stefndi því sérstaklega að byggja megi kröfur um greiðslur viðbótarlauna á tímaskrá, sem stefndi hafi fyrst lagt fram sex mánuðum eftir starfslok, og tók til tímabilsins frá 22. apríl til 31. júlí. Stefndi hafi borið að leggja þessi gögn fyrir stefnda án ástæðulausra tafa, og í síðasta lagi fyrir starfslok, ef hann hugðist reisa kröfur á þeim. Af þeirri ástæðu mótmælir stefndi réttmæti tímaskráningarinnar. Frá 1. ágúst til 3. október 2003 hafi stefndi hins vegar haft

aðgang að skráningu stefnanda á vinnutíma sínum. Gögn málsins beri þó með sér að stefnandi hafi á þessu tímabili fengið greitt fyrir fleiri stundir en hann hafi unnið, ef frá eru taldir hvíldartímar sem hann hafi áunnið sér, enda sé þá miðað við að stefnanda hafi borið að vinna sem svarar meðalvinnutíma fullvinnandi karla fyrir hin umsömdu mánaðarlaun. Á þessum forsendum telur stefndi að stefnandi hefði getað rökstutt ósk um launauppbót að fjárhæð 46.015 krónur, að meðtöldu orlofi. Að mati stefnda er sú fjárhæð hámark hugsanlegrar kröfugerðar stefnanda á hendur honum.

Loks mótmælir stefndi því að stefnandi hafi verið ráðinn til starfa sem háskólamenntaður sérfræðingur. Hið rétta sé að hann hafi verið ráðinn sem einn af mörgum innkaupamönnum stefnda, en notið þeirrar sérstöðu að hafa 50% hærra kaup en samstarfsmenn hans fyrir óskilgreindan vinnutíma. Samstarfsmenn hans hafi hins vegar þurft að skila 48 stunda vinnuviku að meðaltali fyrir 200.000 króna mánaðarlaun, áður en yfirvinna var greidd. Því eigi hvorki ógildingarákvæði samningalaga við um ráðningarsamning stefnda, né standist þær fullyrðingar stefnanda um að hann hafi ekki fengið greitt fyrir vinnuframlag sitt eða að ráðningarkjörin hafi að öðru leyti farið í bága við ákvæði laga nr. 55/1980 og laga nr. 80/1938. Þá mótmælir stefndi sérstaklega öllum vaxtakröfum stefnanda, bæði hvað varðar upphafsdag vaxta og vaxtafót.

Til stuðnings kröfum sínum vísar stefndi að öðru leyti til almennra reglna vinnuréttar og meginreglu samningaréttar um skyldu til að efna samninga. Málskostnaðarkrafa hans styðst við 129.-131. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Niðurstaða

Með dómi Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 66/2005, sem kveðinn var upp 22. september 2005, var kröfum stefnanda er lutu að greiðslu fyrir yfirvinnukaup og vegna frítökuréttar vísað frá dómi, þar sem ekki var talið unnt að reikna út tímakaup stefnanda, hvorki fyrir yfirvinnu né dagvinnu, á þeim grunni að umsamin 300.000 króna mánaðarlaun væru fyrir hvort tveggja. Komst rétturinn að þeirri niðurstöðu að greiðsla fyrir hóflega yfirvinnu hefði verið innifalin í föstum mánaðarlaunum stefnanda. Uppkast að ráðningarsamningi aðila frá 30. júlí 2003 hefði hins vegar gert ráð fyrir sérstakri greiðslu fyrir vinnuálag umfram hófleg mörk. Með hliðsjón af framlögðum gögnum taldi rétturinn að vinna stefnanda hefði farið fram yfir þau mörk og því ætti stefnandi rétt til greiðslu yfirvinnukaups. Jafnframt taldi rétturinn í ljós leitt að hvíldartími stefnanda hefði alloft verið innan við 11 klukkustundir og því ætti ákvæði greinar 2.3. í kjarasamningi milli Verslunarmannafélags Reykjavíkur og Samtaka atvinnulífsins við í tilviki stefnanda.

Í málinu liggur fyrir matsgerð dómkvadds matsmanns, þar sem lagt er mat á hvað telja megi að hafi verið eðlileg mánaðarlaun starfsmanns, með sömu menntun og í sambærilegu starfi og stefnandi, í apríl 2003, þegar heildarlaun voru 300.000 krónur, að meðtalinni hóflegri yfirvinnu. Niðurstaða matsmannsins er sú að hófleg yfirvinna í fastlaunasamningi sé 1 klst. á dag eða 21,67 klst. á mánuði. Miðað við að hver yfirvinnustund sé virt á 1,0385% af grunnlaunum þýði það að heildarlaun séu 22,5% hærri en grunnlaun, og eðlileg grunnlaun í þessum skilningi því 244.889 krónur. Í matsbeiðni var jafnframt óskað álits á því hvað talist hefðu eðlileg

mánaðarlaun á sama tíma fyrir sama starfsmann, án þess að gert hefði verið ráð fyrir yfirvinnu. Niðurstaða matsmanns er sú að eðlileg mánaðarlaun hafi verið 246.462 krónur. Tók hann þá mið af launum hag- og viðskiptafræðinga og sölu-, innkaupa- og markaðsfulltrúa í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur.

Aðalkrafa stefnanda er á því reist að í 300.000 króna heildarlaunum hans hafi falist 21,67 yfirvinnutímar. Grunnlaun hans fyrir dagvinnu hafi því verið 244.889 krónur. Samkvæmt því sé verð á dagvinnustund 1.531 króna, en verð á yfirvinnustund 2.543 krónur. Krafa hans er um greiðslu fyrir þær yfirvinnustundir sem fóru fram yfir 21,67 klst. á mánuði, svo og vegna frítökuréttar í þeim tilvikum sem daglegur hvíldartími hans var skertur.

Stefndi hefur mótmælt sönnunargildi áðurnefndrar matsgerðar og telur að hún svari því ekki hve langan vinnutíma stefnandi mátti vænta að væri innifalinn í föstum umsömdum launum hans við verkframkvæmdir við Kárahnjúka. Heldur stefndi því fram að fremur eigi að líta til opinberra gagna um meðalvinnutíma fullvinnandi karla á sama aldri og stefnandi, á þeim tíma sem hér um ræðir, og hefur í þessu skyni lagt fram gögn frá Hagstofu Íslands sem sýna að meðalvinnutími hafi verið 51,96 tímar á viku. Dregur stefndi þá ályktun að stefnandi hafi mátt ætla að sá vinnutímafjöldi væri lágmark þess sem krafist væri af stefnanda og fælist um leið í umsömdum launum hans.

Ekki verður fallist á þessi rök stefnda, enda með öllu ósannað að aðilar hafi samið svo um að stefnandi ynni þann meðalvinnutíma sem að ofan greinir, og því síður að hann hafi fallist á að sá vinnutímafjöldi væri innifalinn í umsömdum mánaðarlaunum. Á stefnda hvíldi sú skylda að gera skriflegan ráðningarsamning við stefnanda í síðasta lagi innan tveggja mánaða frá því starf hófst, þar sem mælt skyldi fyrir um vinnutíma, laun og önnur starfskjör. Það gerði stefndi ekki og verður hann að bera hallann af því. Raunar er vandséð að tilvísun stefnda til gagna Hagstofunnar hafi hér nokkra þýðingu, þar sem gögnin segja það eitt hver hafi verið meðalvinnutími á umræddu tímabili, en svara því í engu hvort sá vinnustundafjöldi hafi rúmast innan fastra, umsaminna, mánaðarlauna starfsmanna. Að áliti dómsins þykir því ekkert fram komið sem rýrt getur sönnunargildi matsgerðarinnar. Hefur henni heldur ekki verið hnekkkt af stefnda með yfirmati.

Eins og fram er komið skráði stefndi ekki daglegan vinnutíma stefnanda framan af starfstíma þess síðarnefnda. Stefnandi hefur hins vegar lagt fram mánaðarleg yfirlit um daglegan vinnutíma sinn, sem hann kveður byggð á samtímaskráningu sinni. Annars vegar er þar um að ræða ljósrit úr dagbók, hins vegar skráningu í töflureikni. Frá ágústbyrjun til loka starfstíma stefnanda nýtur aftur á móti við yfirlita um daglegan starfstíma hans, sem stafa frá stefnda. Stefnandi hefur mótmælt því að tímaskráning stefnanda fyrir tímabilið frá 22. apríl til 31. júlí 2003 verði lögð til grundvallar kröfu hans um viðbótarlaun fyrir þann tíma, og dregur í efa réttmæti tímaskráningarinnar.

Áður hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að greiðsla fyrir hóflega yfirvinnu hafi verið innifalinn í föstum mánaðarlaunum stefnanda og hafi stefnandi verið það ljóst allt frá því honum barst í hendur fyrsti launaseðill 1. júní 2003, og það síðar endanlega staðfest er stefnandi fékk í hendur uppkast að ráðningarsamningi í ágústmánuði 2003. Hafi stefnandi þá talið að honum bæri réttur til greiðslu fyrir frekari yfirvinnu, bar honum að gera við það athugasemdir

við stefnda. Um leið bar honum að framvísa tímaskráningu sinni við stefnda svo stefnda gæfist kostur á að taka afstöðu til kröfunnar. Það gerði stefnandi hins vegar ekki með sannanlegum hætti fyrr en rúmu hálfu ári eftir að störfum hans lauk. Þvert á móti hélt hann áfram störfum um hríð. Breytir hér engu þótt stefnandi hafi á starfstíma sínum lýst óánægju sinni með ráðningarkjör við næsta yfirmann sinn eða starfsmannastjóra, enda greinir aðila á um hvers eðlis umkvartanir hans hafi verið. Ekki þykir heldur unnt að byggja á framburði samstarfsmanna stefnanda fyrir dómi um að stefnandi hafi unnið langan vinnudag hjá stefnda. Er það álit dómsins að með tómlæti sínu hafi stefnandi glatað rétti til greiðslu fyrir frekari yfirvinnu en fólgin var í umsömdum mánaðarlaunum hans tímabilið frá 22. apríl til 31. júlí 2003, og að einhliða tímaskráning hans fyrir umrætt tímabil verði, gegn andmælum stefnda, ekki lögð til grundvallar sem sönnun fyrir unnum vinnustundum hans. Verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda um greiðslu fyrir yfirvinnu og vegna frítökuréttar tímabilið 22. apríl til 31. júlí 2003.

Öðru máli gegnir um tímabilið frá ágústbyrjun til starfsloka stefnanda 3. október 2003. Fyrir það tímabil liggja frammi í málinu yfirlit yfir daglegan vinnutíma stefnanda og stafa þau frá stefnda. Verður að líta svo á að þar sé vinnutími stefnanda staðfestur af stefnda. Samkvæmt þeim nam vinna stefnanda umfram dagvinnu í ágústmánuði 124,95 klst., í september 89,16 klst., en 8,5 klst. í október.

Í samræmi við framanritað verður áður nefnd matsgerð dómkvadds matsmanns lögð til grundvallar við útreikning kröfu stefnanda. Að frádreginni hóflegri yfirvinnu, sem dómkvaddur matsmaður taldi að fælist í ráðningarsamningi aðila, nemur fjöldi yfirvinnustunda stefnanda fyrir tímabilið frá ágústbyrjun til 3. október 2003 alls 175,61 klst. Miðað við að grunnlaun stefnanda hafi verið 244.889 krónur á mánuði, eins og þar kemur einnig fram, og að hver yfirvinnustund sé virt á 1,0385% af grunnlaunum, nemur krafa stefnanda vegna vangoldinnar yfirvinnu á framangreindu tímabili alls 446.576 krónum. Verður stefndi dæmdur til greiðslu þeirrar fjárhæðar. Í útreikningi stefnanda í kröfugerð hans er fjöldi yfirvinnustunda á þessu tímabili sagður 199,11 klst. Þar sem um greinilega reikningsskekkju er að ræða hefur fjöldi yfirvinnustunda verið leiðréttur í það horf sem að ofan segir.

Af framangreindu yfirliti stefnda um daglegan vinnutíma stefnanda er ljóst að hvíldartími stefnanda var alloft innan við 11 klst. Samkvæmt grein 2.3. í kjarasamningi milli Verslunarmannafélags Reykjavíkur og Samtaka atvinnulífsins, sem gildi í lögskiptum aðila, skal ónýttur frítökuréttur starfsmanns gerður upp við starfslok. Frítökuréttur stefnanda fyrir margnefnt tímabil svaraði til 42,96 klst. Miðað við forsendur matsgerðar, þar sem hver dagvinnustund jafngildir 1.531 krónu, nemur krafa stefnanda vegna ónýttis frítökuréttar fyrir þetta tímabil 65.771 krónu. Ber stefnda að greiða stefnanda þá fjárhæð.

Ekki þykja efni til að fjalla sérstaklega um varakröfu stefnanda að fjárhæð 846.582 krónur, enda getur dómurinn ekki fallist á það sjónarmið stefnanda að stefndi hafi viðurkennt þá fjárhæð eða boðið þá greiðslu formlega fram í bréfi sínu frá 20. mars 2006. Hins vegar var stefnanda rétt að hafna boði stefnda um uppgjör gegn því skilyrði að til frádráttar kröfu hans kæmi kostnaður stefnda af fyrri málarekstri aðila. Verður ekki séð að slíkt hafi átt sér nokkra stoð.

Stefndi hefur haldið því fram að við mat á vinnutíma og launakjörum stefnanda beri að taka tillit til þess að í ráðningarkjörum hans hafi falist að stefnandi ynni fjórar vikur samfelld, en fengi frí í eina viku, án skerðingar á umsömdum mánaðarlaunum. Telur stefndi að síðasti launaseðill stefnanda beri það augljóslega með sér að slíkt fyrirkomulag hafi verið í gildi milli aðila, en þar komi fram að stefnandi hafi fengið greitt fyrir 6,6 frídaga. Stefnandi hefur neitað því að samið hafi verið um slíkt vinnufyrirkomulag við hann. Þar sem skriflegur ráðningarsamningur var ekki gerður við stefnanda við upphaf ráðningar hans og ekkert kveðið á um slíkt fyrirkomulag í því uppkasti að ráðningarsamningi við stefnda, sem dagsett er 30. júlí 2003, verður að telja ósannað að aðilar hafi samið um slíkt vinnufyrirkomulag.

Samkvæmt því sem að ofan er rakið verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda samtals 512.347 krónur (446.576 + 65.771). Í málatilbúnaði stefnanda kemur fram að hann geri einnig kröfu um orlof á vangoldin laun. Endanleg kröfugerð hans og fjárhæð kröfunnar felur þó ekki í sér orlofslaun og verður að telja að hann hafi fallið frá þeirri kröfu.

Stefndi hefur mótmælt upphafsdegi vaxtakröfu. Með hliðsjón af atvikum málsins þykir rétt að miða upphafsdag dráttarvaxta við þingfestingardag máls þessa, 26. apríl 2007. Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 af ofangreindri fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags. Með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, verður stefndi einnig dæmdur til að greiða stefnanda hluta málskostnaðar hans, sem ákveðst 750.000 krónur.

Ingimundur Einarsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan

D Ó M S O R Ð:

Stefndi, Impregilo SpA Ísland, greiði stefnanda, Birgi Guðjónssyni, 512.347 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá 26. apríl 2007 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 750.000 krónur í málskostnað.

Ingimundur Einarsson

